



Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps miðvikudaginn 26. október 2016.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhús, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sandra Rún Björnsdóttir formaður og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Gústaf Jökull Ólafsson mætti ekki. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1004008 – Samþykkt um hunda- og kattahald.

Samþykkt hefur verið birt í b-deild Stjórnartíðinda, fyrir nefndinni liggur að leggja til gjaldskrá og gera tillögu að verklagi.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skráningargjald hunda og árgjald þar eftir verði kr. 11.000. Skráningargjald fyrir ketti og árgjald þar á eftir verði kr. 7000. Föngunargjald kr. 7000. – Ekki verði um frekari gjaldtöku að ræða.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ráðinn verði hundaeftirlitsmaður, sem sjái um eftirlit og skráningu dýra. Nefndin leggur einnig til verklagsreglur vegna föngunar dýra og vísar samþykkt þeirra til sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

2. 1504017 – Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt hefur verið birt í b-deild Stjórnartíðinda.

Nefndin ræddi skemmtilegar leiðir til að hvetja íbúa til frekari flokkunar.

3. 1504017 – Samþykkt um fráveitur.

Samþykkt hefur verið birt í b-deild Stjórnartíðinda.

Nefndin ræddi um auglýsingu á rotþróahreinsun í dreifbýli í þau skipti sem hreinsunarbíll losar rotþrær í fráveitukerfi á Reykhólum.

4. Tvöfalt sorpgjald á lögbýli.

Vísað til nefndarinnar frá dreifbýlisnefnd.

Gjöld á lögbýli eru vegna atvinnureksturs annars vegar og heimilis hins vegar. Ekki er um að ræða tvöfalt gjald í þeim skilningi. Atvinnustarfsemi ber að geiða sorpgjald, hvort heldur sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

Önnur mál (ef einhver):

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 22.

_____	_____
_____	_____
_____	_____